



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023

DANS2FJ05
Fjölmiðlar og lífstíl

Kennari:	Ida Løn (IL) idalon@fsu.is Pelle Damby Carøe (PC) pellecaroe@fsu.is Sigríður Sigurðardóttir (SGS) sigridurs@fsu.is Sólveig Sigmarsdóttir (SOS) solveigsigmarsdottir@fsu.is
----------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla hjá nemandanum alla færniþætti tungumálsins, að efla sjálfsöryggi hans og tjáningu á eigin hugsunum, svo og sjálfstæði hans og vinnubrögð. Unnið er markvisst að því að auka vitund nemandans um hvernig maður lærir tungumál, hvað þarf að kunna til þess að kunna tungumál og aðferðir til þess að tileinka sér nýjan orðaforða.

Undanfari: Grunnskólapróf með lágmarkseinkunn B í dönsku eða DANS1DL05.

Markmið:

Tal:	Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í réttum framburði tungumálsins, í að tala tvö og tvö saman, í að kynna verkefni sem búið er að vinna með, svara fyrirspurnum og færa rök fyrir máli sínu.
Hlustun:	Nemendur vinna með ýmiss konar hlustunarverkefni tengd lífstíl t.d. af neti.
Ritun:	Nemendur vinna með nokkrar textagerðir hvort heldur sem um er að ræða skapandi skrif eða stýrð verkefni eins og t.d endursagnir, gagnrýni og frásagnir.
Orðaforði:	Nemendur vinna með orðaforða í tengslum við efni sem unnið er með hverju sinni; jafnrétti, lýðræði, sköpun, velferð, hreyfingu, sjálfbærni, menntun og heilsu.
Lestur:	Nemendur lesa smásögur og ýmiss konar rauntexa.

Námsefni:

Glimt – smásögur
Danskir fjölmiðlar
Efni frá kennara

Þekkingarviðmið

- nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu málvenjum í ritaðri dönsku
- dönsku samfélagi og menningarlífi
- völdum bókmenntatextum jafnt sem rauntextum
- orðaforða sem tengist jafnrétti, lýðræði, sköpun, velferð, hreyfingu, sjálfbærni, menntun og heilsu
- tali tveggja Dana um efni sem búið er að vinna með

Leikniviðmið

- nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- beita gagnrýninni hugsun í ræðu og riti og láta skoðanir koma fram á skýran hátt þegar er unnið með eigið áhugasvið
- beita á markvissan hátt viðeigandi hjálpargögnum við frágang ritsmíða
- nýta málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og ályktanir
- lesa sér til gagns og gamans hæfilega þung bókmenntaverk jafnt sem rauntexta og fjalla um inntak þeirra skriflega

Hæfniviðmið

- nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta málfræðilegar upplýsingar
- beita skýru og lýtalausum máli í ræðu og riti
- taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu, túlka texta þó merkingin liggja ekki á yfirborðinu

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Lestur	Smásögur, 6 próf	30%
Hlustun	2 próf	20%
Tal	2 próf	20%

Ritun	2 próf	20%
Ástundun	Virkni og áhugi	10%

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	18. ágúst - 10. september	Danskir fjölmiðlar Lestur, hlustun, ritun og munnlegt Kennsla hefst fös. 18. ágúst.	Smásaga 1 & 2 Ritun 1
5 - 8	11. september - 8. október	Danskir fjölmiðlar Lestur, hlustun, ritun og munnlegt Afmæli FSu – 42 ára, mið. 13. september.	Smásaga 3 & 4 Hlustun 1 Munnlegt 1
9 - 12	9. október - 5. nóvember	Danskir fjölmiðlar Lestur, hlustun, ritun og munnlegt Haustfrí 12. - 13. október. Valdagur, mið. 18. október. Miðannarmat, lokaskil fös. 20. október.	Smásaga 5 & 6 Ritun 2
13 - 16	6. nóvember - 3. desember	Danskir fjölmiðlar Lestur, hlustun, ritun og munnlegt Dimisjón, fös. 1. desember.	Hlustun 2 Munnlegt 2

17 - 19	4. desember - 24. desember	Danskir fjölmiðlar Síðasti kennsludagur mið. 6. desember. Námsmatsdagar 7. - 13. desember. Sjúkrapróf 14. desember. Brautskráning fös. 21. desember.	
---------	-------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--

Sérreglur áfangans:

Nemendur þurfa að taka próf úr öllum færniþáttum tungumálsins (ritun, lestur, hlustun og munnlegt), til þess að ná áfanganum.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Yfirferð námsefnis getur verið breytileg á milli hópa.

Selfossi, ágúst 2023

Ida Løn, Pelle Damby Carøe, Sigríður Sigurðardóttir og Sólveig Sigmarsdóttir